

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 29. apríl 2015
UST201504-109/B.S.
10.05.03


Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Örlygshafnarvegur. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbyggingu Örlygshafnarvegur á um 8,4 km löngum kafla milli Skápadalsár og Patreksfjarðarflugvallar. Að mestu er fylgt núverandi vegi, en vikið lítillega frá honum á þremur stuttum köflum. Efnispörf vegna framkvæmdarinnar er um 80.000 m³. Efni í fyllingar verður tekið úr skeringum, en efni í burðar- og slitlög verður tekið úr opnum námum á Kleifaheiði og við Skápadalsá. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar geti falist í áhrifum skeringa á landslag. Skeringar verða að vísu teknar í landi sem þegar hefur verið raskað, en efnistakan verður töluvert meiri en við fyrri framkvæmdir við veginn. Til að skeringar með veginum verði ekki áberandi telur Umhverfisstofnun brýnt að vandað verði til frágangs skeringa og þær felldar eins vel að landi og kostur er. Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin hefði átt að gera grein fyrir hver verða afdrif brúar yfir Mikladalsá sem varla er til þrýði í núverandi ásigkomulagi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri